



Múlaþing

Sóley Valdimarsdóttir

Lyngási 12,

700 Egilsstaðir

Garðabær, 13. janúar 2026

Málsnúmer: 202512-0036

IAS

Efni: Gilsárvirkjun, nýtt deiliskipulag. Kynning tillögu á vinnslustigi.

Vísað er til erindis Múlaþings frá 16. desember 2025 þar sem óskað er umsagnar Náttúrufræðistofnunar um vinnslutillögu nýs deiliskipulags Gilsárvirkjunar.

Orkusalan ehf. vinnur að gerð deiliskipulags fyrir 6,7 MW vatnsaflsvirkjun sem virkjar 3,0 m³/s rennsli með 277 m fallhæð í sveitarfélaginu Múlaþingi, nánar tiltekið ofarlega í Gilsá í Eiðaðinghá. Framkvæmdin felur í sér stíflu, miðlunarlón, stöðvarhús, lagningu vegslóða, lagningu aðrennslispípu og safnlagna. Áætluð efnisþörf er 65.000 m³. Skipulagssvæðið er um 93,2 ha.

Náttúrufræðistofnun gaf umsagnir um skipulags- og matslýsingu fyrir breytingu á aðalskipulagi og nýtt deiliskipulag Gilsárvirkjunar [15. desember 2023](#) og um kynningu á vinnslustigi og vinnslutillögu aðalskipulagsbreytinga [11. júní 2025](#) og [11. nóvember 2025](#). Þá gef stofnunin umsagnir til Skipulagsstofnunar um matskyldufyrirspurn [3. nóvember 2023](#), matsáætlun [27. mars 2024](#) og umhverfismatsskýrslu [23. júlí 2025](#).

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér greinargerð um vinnslutillögu deiliskipulagsins og telur, með hliðsjón af hlutverki stofnunarinnar, að þar komi fram það helsta sem fjalla þarf um. Í umhverfismatsskýrslu Orkusölunnar ehf kemur að framkvæmdin mun hafa neikvæð áhrif á alla náttúrufarsþætti, nokkuð neikvæð á vatnalíf og vatnafar en óveruleg neikvæð áhrif á gróður, dýralíf, jarðminjar og ásynd. Valkostur B í umhverfismatsskýrslu, þar sem hliðarinntaki í Ytri-Lambadalsá er sleppt, hefur minni neikvæð áhrif á vatnalíf og vatnafar en svipuð áhrif á aðra náttúrufarsþætti.

Náttúrufræðistofnun tekur undir álit Skipulagsstofnunar að setja þurfi skilyrði um mótvægisáðgerðir, t.d. með því að skilgreina lágmarksrennsli í farvegum neðan stíflu og stöðvarhúss og útfæra áðgerðir til að minnka áhrif rennslisveiflna.

Virðingarfyllst,

Ingvar Atli Sigurðsson

jarðfræðingur